

STIKLUR

vefrit viðskiptaskrifstofu

WWW.STIKLUR.IS • 17. JAN 2007 • 6. ÁRG. • WWW.UTANRIKISRADUNEYTI.D.IS

Samkomulag við ESB um landbúnaðarafurðir

Matvælaverð lækkar

Samkomulag um almenna tollalækkun á kjöti og kjötafurðum um 40% hefur náðst við Evrópusambandið. Það tryggir að auki gagnkvæma tollfrjálsa kvóta í viðskiptum með umtalsvert magn landbúnaðarvara. Samkomulagið tekur gildi 1. mars nk. á sama tíma og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun matvælaverðs kemur til framkvæmda.

Byggir á ákvörðun ríkisstjórnarinnar

Hinn 9. október s.l. kynnti ríkisstjórnin tillögur um aðgerðir til lækkunar matvælaverðs en þær fólu m.a. í sér að almennir tollar á innfluttum kjötvörum yrðu „lækkaðir um allt að 40% frá 1. mars 2007.“ Samhliða því skyldi áfram unnið að „frekari gagnkvæmum tollalækkunum og bættum markaðsaðgangi gagnvart helstu viðskiptalöndum Íslands.“

Í framhaldinu fóru viðræður af stað við ESB um tvíhliða viðskipti með landbúnaðarvörur á nýjan leik. Áður hafði náðst samkomulag milli aðila, sem skyldi ganga í gildi 1. janúar s.l. Í ljósi breyttra aðstæðna var hins vegar ákveðið að fresta gildistöku þess til 1. mars n.k. og freista þess að ná fram frekari lækkun á tollum og bættum markaðsaðgangi í viðskiptum. Bráðabirgðasamkomulag náðist fyrir jól og var það efnislega samþykkt af aðildarríkjum ESB í gær.

Tollkvótar að áður óþekktu umfangi

Í samningnum veitir Ísland ESB almenna tollalækkun á kjöti og kjötafurðum um 40%. Enginn tollur verður í viðskiptum aðila með hesta, hreindýrakjöt í heilum og hálfum skrokkum, tómata, agúrkur og vatn. Það sama mun gilda með blóm og plöntur, þó ekki afskorin blóm eða pottaplöntur undir 1 metra á hæð. Þá mun Ísland fella niður tolla af frosnu grænmeti.

Gagnkvæmir tollkvótar án allra aðflutningsgjalda verða veittir að umfangi sem ekki hefur áður þekkt í milli-ríkjasamningum Íslands. Ísland mun veita ESB kvóta fyrir kjöt, kjötvörur, kartöflur, rjúpur, ost og fær í staðinn kvóta fyrir skyr, smjör og pylsur, sbr. neðangreinda töflu.

Efnislegrí umfjöllun um samkomulagið af hálfu ESB er lokið og einungis tæknileg og formleg úrvinnsla eftir, s.s. þýðingar og fullgildingarferli. Stefnt er að því að skrifa undir samninginn í febrúar þannig að hann taki gildi 1. mars n.k.

Utanríkisráðherra: Samningurinn brýtur blað

„Samkomulagið við ESB brýtur blað og lækkar matvöruverð á Íslandi,“ segir Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra. Um er að ræða langstærsta samning um landbúnaðarafurðir sem Ísland hefur gert, að samningum á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) frátöldum. „Samningurinn kemur neytendum ákaflega vel og er stórt og mikilvægt skref í að innleiða þær lækkanir á matvælaverði sem ríkisstjórnin ákvað í október. Hann eykur frelsi í viðskiptum, stuðlar að auknu úrvali og ýtir undir vöruþróun. Hitt er ekki síður mikilvægt að um leið skapast sóknarfæri á erlendum mörkuðum fyrir okkar heilnæmu og umhverfisvænu afurðir, t.d. skyr og smjör,“ segir Valgerður.

Ísland veitir ESB tollkvóta án aðflutningsgjalda.	Nýtt samkomulag	Eldra samkomulag
Nautakjöt	100 tonn	0
Svínakjöt	200 tonn	0
Alifuglakjöt	200 tonn	0
Pylsur	50 tonn	15 tonn
Unnar kjötvörur	50 tonn	0
Skinka	50 tonn	0
Kartöflur	100 tonn	25 tonn
Rjúpa	20 tonn	15 tonn
Ostur	100 tonn	20 tonn
ESB veitir Íslandi tollkvóta án aðflutningsgjalda.	Nýtt samkomulag	Eldra samkomulag
Lambakjöt	1850 tonn	1850 tonn*
Skyr	380 tonn	0
Smjör	350 tonn	var 20 tonn
Pylsur	100 tonn	var 15 tonn

* Í fyrra samkomulagi var samið um hækkun úr 1350 tonnum í 1850 tonn.